

um frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur mótað breytingartillögur við frumvarp til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem flutt er til staðfestingar á bráða-  
birgðalögum ríkisstjórnarinnar frá því á gamlársdag. Eru þessar tillögur á þing-  
skjali 455. Tillögurnar miða að því að sníða agnúa af frumvarpi ríkisstjórnarinnar,  
vernda kjör hinna verst settu og ná betri stjórn á lánamálum.

Tillögur Alþýðuflokksins fela í sér eftirfarandi meginatriði:

- 1) Tekjuskattur einstaklinga er lækkaður um 240 milljónir kr. eða 24 milljarða gkr.
- 2) Sú kaupskerðing, sem ríkisstjórnin boðar hinn 1. mars, verði ekki látin ná til bóta almannatrygginga.
- 3) Komið verði á nýjum sparifjárreikningum, sem veiti fulla verðtryggingu á því fé sem óhreyft er hverja 4 mánuði, en peningarnir séu ekki bundnir og geti eigendur gengið að allri innstæðunni hvenær sem er.
- 4) Lán húsnæðismálastjórnar verði aldrei lægri en 35% af kostnaðarverði staðal-  
íbúðar.
- 5) Veitt verði viðbótarlán úr bankakerfinu, er nemi helmingi húsnæðisstjórnar-  
láns. Lánin verði verðtryggð, með lágum vöxtum til langs tíma.
- 6) Heimild til frestunar framkvæmda verði miðuð við 100 milljónir kr. (10 milljarða gkr.) og háð samþykki fjárveitinganefndar.

Tillögurnar í skattamálum fela í sér:

- að tekjuskattur hjóna verður 255 000 gkr. lægri en samkv. gildandi skattalögum,
- að tekjuskattar einhleypa verða 215—300 þús. gkr. lægri en samkv. gildandi skattalögum,
- hjá einstæðum foreldrum er lækkunin 325—400 þús. gkr.

Með þessu móti lækkar skattbyrði frá því sem hún var í fyrra um 1.5% af tekjum eða meira hjá hjónum með minna en 12 millj. gkr. í tekjur. Sama gildir um einhleypa með 8 millj. gkr. tekjur eða minna og einstæða foreldra með allt að 10 millj. gkr. tekjur.

Skattatillögurnar eru í meginráttum þessar:

- 1) Persónuafsláttur hækkar úr 7 325 kr. í 8 600 kr. eða um 1 275 kr. (127 500 gkr.).
- 2) Persónuafsláttur nýtist til greiðslu eignarskatts.
- 3) Ónýtanlegur persónuafsláttur allt að 4 300 kr. (430 000 gkr.) greiðist þeim sem eru eldri en 20 ára og stunda ekki atvinnurekstur.
- 4) Lágmarksupphæð fasts frádráttar hjá einhleypum hækkar úr 5 500 kr. (550 þús. gkr.) í 9 000 kr. (900 þús. gkr.) og hjá einstæðum foreldrum í 13 500 kr. (1 350 þús. gkr.).
- 5) Tekjuskattlækkunin komi til lækkunar á fyrirframgreiðslum frá og með 1. mars.
- 6) Barnabætur verði greiddar út á fyrirframgreiðslutímabilinu hjá þeim sem eiga tvö börn og fleiri.

(Ofangreindar tölur í liðum 1, 3 og 4 eru skv. skattvísitölu 145.)

Til þess að mæta tekjuskattlækkuninni er gert ráð fyrir að nýta 110 millj. kr. (11 milljarða gkr.) af þeirri upphæð í fjárlögum er ætluð var til efnahagsráðstafana, heimild í fjárlögum til lækkunar ríkisútgjalda um 30 millj. kr. (3 milljarða gkr.) og niðurskurð á framkvæmdum skv. sérstakri heimild.

Þá er rétt að benda á eftirfarandi atriði:

- 1) Álagning samkvæmt gildandi skattalögum mun færa ríkissjóði tekjur sem nema 55 milljónum kr. (5.5 milljörðum gkr.) umfram áætlaðar tölur fjárlaga.
- 2) Tekjuáætlun fjárlaga af tekjuskatti einstaklinga er öðrum 55 milljónum kr. (5.5 milljörðum gkr.) of há miðað við óbreytta skattbyrði milli ára.
- 3) Hækkun á skattbyrði er því einungis fólgin í lækkunum umfram 11 milljarða gkr. frá gildandi skattalögum.

Alþingi, 23. febr. 1981.

Kjartan Jóhannsson.